

21. október 2009

Sáttargerð vegna brots á 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 6. júlí 2009 gerðu Fjármálaeftirlitið og Akureyrarbær með sér eftirfarandi sátt vegna brots Akureyrarbæjar á 130. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Akureyrarbær, sem útgefandi skráðra skuldabréfa, við því að hafa brotið gegn 130. gr. vvl. með því að hafa ekki skipað staðgengil regluvarðar fyrir en þann 30. apríl 2009, þrátt fyrir að hafa verið útgefandi skráðra skuldabréfa síðan í maí 2003.

Í 1. mgr. 130. gr. vvl. er kveðið á um skyldu stjórnar útgefanda til að ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans. Með sama hætti skal ráða staðgengil regluvarðar.

Með vísan til framangreinds, atvika að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 400.000,-.